

2022

Mánudaginn 9. desember 1991.

Nr. 243/1990. **Sláturfélag Suðurlands**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

Jóni H. Bergs

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Vinnusamningur. Eftirlaun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. júní 1990. Hann gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann sýknu að svo stöddu.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og sér dæmdur málskostnaður í Hæstarétti.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti féll lögmaður áfrýjanda frá þeirri málsástæðu, að uppsögn stefnda hefði með einhverjum hætti tengst meintri áfengisneyslu hans.

Sá samningur, sem gerður var við stefnda 22. ágúst 1984 og um er deilt í málinu, er að ýmsu leyti óvenjulegur að efni, en gildi hans ræðst ekki af því, eins og atvikum er háttað. Til viðbótar rökum héraðsdómara fyrir gildi samningsins er á það að líta, að forráðamenn áfrýjanda höfðust ekki að, þegar þeim mátti í síðasta lagi vera kunnugt um efni samningsins hinn 18. júní 1987, tíu mánuðum fyrir uppsögn stefnda. Þá drógu þeir samninginn og efni hans ekki í efa, þegar þeir samþykktu uppsagnarbréf stefnda 18. apríl 1988, sem hafði að geyma beinan fyrirvara um fullt gildi hans. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti. Þykir hann hæfilega ákveðinn 450.000 krónur, og er þá ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

2023

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sláturfélag Suðurlands, greiði stefnda Jóni H. Bergs, 450.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu er deilt um samning þann, sem gerður var við stefnda 22. ágúst 1984 um laun honum til handa, eftir að til þess kæmi, að hann hætti störfum hjá áfrýjanda. Stefndi var þá tæpra 57 ára að aldri og hafði starfað hjá áfrýjanda nær 33 ár samtals, þar af sem skipaður forstjóri frá 1. janúar 1957. Í ráðningarsamningi stefnda frá því ári voru engin ákvæði um starfslok, en hann var félagi í Eftirlaunasjóði S.S. sem fastur starfsmaður áfrýjanda. Gat hann þar átt von á tilteknum eftirlaunum frá og með 70 ára aldri eða fyrr, ef örorka kæmi til.

Fallast verður á það með stefnda, að eðlilegt hafi verið frá sjónarhóli hans og fyrirtækisins að huga að gerð samnings af umræddu tagi á þessum tíma, ef gera ætti hann á annað borð. Ekki er í ljós leitt, að stjórnarformann áfrýjanda hafi skort fullnægjandi umboð til að ganga frá hinum umdeilda samningi, og verður ekki séð, að áfrýjandi hafi hreyft mótbárum í þá átt, fyrr en stefndi hafði lagt mál sitt fyrir dómstóla. Er málsástæðu þessari réttilega hafnað í hinum áfrýjaða dómi.

Í dóminum er því einnig réttilega hafnað, að starfslok stefnda hafi borið að með þeim hætti, að telja mætti forsendur brostnar fyrir gildi hins umdeilda samnings. Af gögnum málsins er nærtækast að álykta, að þau hafi átt meginorsök í mikilvægum stefnubreytingum í starfsemi áfrýjanda, sem félagsstjórnin ákvað í kjölfar hinna umdeildu atburða.

Stefndi hefur gert skilmerkilega grein að sínu leyti fyrir tildrögum hins umdeilda samnings. Var hann sýnilega gerður með því hugarfari, að stefndi myndi halda áfram störfum hjá áfrýjanda næstu árin, nema óvænt ytri atvik bæri að. Samningurinn ber ekki heitið eftirlaunasamningur, en hefur gjarna verið nefndur því nafni í umræðu stefnda og annarra. Samkvæmt frásögn stefnda var það

og meginmarkmið samningsins að tryggja honum eftirlaun, er hæfðu stöðu hans og starfsaldri hjá fyrirtækinu.

Samningurinn er einkum athyglisverður fyrir þá sök, að í honum er ekki tekið berum orðum á þeim möguleika, að starfslok stefnda gæti borið að, áður en hann næði algengum eftirlaunaaldri, án þess að örorka eða önnur forföll yrðu þess valdandi. Er þetta ekki endilega ósanngjarnt í ljósi þess, sem fyrr var rakið um starfstíma og aldur stefnda. Þá er og ekki varhugavert að álykta, að við samningsgerðina hafi ekki verið sérstaklega horft til þess 70 ára eftirlaunaaldurs, sem við er miðað hjá Eftirlaunasjóði S.S., enda má færa að því rök, að sá starfsaldur sé tiltölulega hár, þegar um er að ræða forstjóra í umsvifamiklu fyrirtæki. Hér við bætist, að í máli þessu, sem tekur til launa á tímabilinu maí 1989 - apríl 1990, hafa forráðamenn áfrýjanda ekki sérstaklega byggt á því, að stefndi hafi notið óskertrar starfsorku og getað aflað sambærilegra tekna í öðrum störfum. Þvert á móti hafa þeir reynt að halda því fram, að uppsögn stefnda hafi átt rætur í skertri starfshæfni hans, án þess þó að færa á það haldbærar sönnur.

Eins og atvikum er háttað og mál þetta liggur fyrir, eru ekki rök til þess að hafna gildi samningsins vegna þessa efnispáttar hans eða breyta honum að þessu leyti á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga né heldur að taka til greina varakröfu áfrýjanda um sýknu að svo stöddu.

Um annað efni samningsins halda forráðamenn áfrýjanda því einkum fram, að ósanngjarnt sé að miða eftirlaun stefnda við fullt kaup forstjóra félagsins, meðal annars þar sem forstjórastarf sé að jafnaði hverfult og ráðning miðuð við ýtrustu ábyrgð og vinnuskyldu. Af framkomnum upplýsingum um laun stefnda á starfstíma hans verður ekki ráðið, að í þeim væri tekið áberandi tillit til hverfuleika á starfinu. Laun þau, sem um er kafið í málinu, virðast nokkru hærri en laun stefnda síðustu mánuði starfstímans, ef almennar kauplagsbreytingar eru hafðar til samanburðar, enda heldur stefndi því fram, að kaup forstjóra áfrýjanda hafi hækkað umtalsvert, eftir að hann vék úr starfinu, og megi ætla það mun hærra en kröfum hans nemur. Hinn fyrrnefndi munur skiptir ekki sköpum í því tilliti, sem hér um ræðir, og ekki eru efni til þess hér fyrir dómi að endurskoða launatölur, sem stefndi hefur neyðst til

að áætla. Jafnframt hafa forráðamenn áfrýjanda ekki fært fram almennar upplýsingar um forstjóralaun, er gefi tilefni til að vefengja sanngirni þeirra launa, sem samningurinn hljóðar um. Hafa þeir ekki einu sinni lagt fram eigin upplýsingar um laun núverandi forstjóra félagsins, sem kveðst vera ráðinn með 6 mánaða uppsagnarfresti og án sambærilegra eftirlauna við stefnda að svo komnu. Þegar af þessum ástæðum er ekki unnt að sinna þeirri málsástæðu áfrýjanda, að launakröfu stefnda beri að lækka eða endurmeta á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Með vísan til þessa og til ýtarlegra forsendna hins áfrýjaða dóms er ég samþykkur þeirri niðurstöðu annarra dómenda, að dómurinn eigi að vera óraskaður. Ég er samþykkur ákvörðun þeirra um málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. maí 1990.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. maí sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Jóni H. Bergs hdl., kt. 140927-4149, Laufásvegi 77, Reykjavík, með stefnu, birtri 30. ágúst og 13. september 1989, á hendur Sláturfélagi Suðurlands, kt. 600269-2089, Skúlagötu 20, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda ógoldin eftirlaun fyrir mánuðina maí, júní, júlí og ágúst 1989, 350.000 kr. á mánuði hverjum, og 400.000 kr. á mánuði fyrir september 1989 til aprílloka 1990, samtals 4.600.000 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum auk málskostnaðar]. Jafnframt er þess krafist, að hið stefnda félag verði dæmt til að gefa út afsal til stefnanda ásamt undirritaðri sölu-tilkynningu til bifreiðaeftirlitsins fyrir bifreiðina R-355 skv. A-lið 1. gr. samningsins (sic). Þá er gerð krafa til þess, að dómur verði svofelldur, að tildæmdir vextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. maí 1990, allt í samræmi við 12. gr. 1. nr. 25/1987.

Við munnlegan málflutning var þess enn fremur krafist af hálfu stefnanda, að dæmd verði dauð og ómerk eftirfarandi ummæli í greinargerð stefnda:

1. „áfengisneyslu forstjórans“ í eftirfarandi samhengi: „Uppsögn stefnanda átti sér nokkurn aðdraganda bæði vegna samstarfsörðugleika, ágreinings um stjórnun, áfengisneyslu forstjórans og fjárhagslegrar stöðu félagsins“.

2. „að stefnanda var í raun vikið frá störfum vegna þess, að hann var í raun orðinn óhæfur til starfa vegna áfengisneyslu og mistaka í starfi sem forstjóri fyrirtækisins“

Enn fremur var þess krafist, að lögmaður stefnda yrði áminntur fyrir þessi ummæli með vísan til 187. gr. og 5. tl. 188. gr. 1. nr. 85/1936.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum verði tildæmdur málskostnaður skv. mati réttarins, og beri málskostnaðurinn dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 að liðnum fimmtán dögum frá uppkvaðningu dóms í málinu, og leggist dráttarvextirnir við höfuðstól á tólf mánaða fresti frá upphafsdegi vaxta.

Til vara krefst stefndi sýknu að svo stöddu og málskostnaðar skv. framansögðu.

II.

Málavaxtalýsing stefnanda og málsástæður.

Stefnandi kveðst hafa verið ráðinn forstjóri Sláturfélags Suðurlands frá 1. janúar 1957 að telja með starfssamningi, undirrituðum af honum og stjórn félagsins, dags. 25. júní 1957. Samningur þessi sé margendurskoðaður á liðnum árum, að því er varði kjör forstjórans, og hafi síðustu kjaraákvæði verið bókuð 23. júní 1987 og undirrituð af stefnanda ásamt Páli Lýðssyni stjórnarformanni. Hann undirriti samkvæmt umboði stjórnarinnar, dags. 18. júní 1987.

Hinn 22. ágúst 1984 hafi Gísli Andrússon, stjórnarformaður S.S., í umboði stjórnarinnar gert samning um eftirlaun við stefnanda, sem koma skyldi til framkvæmda, ef eða þegar stefnandi hætti forstjórastörfum hjá S.S. Í 1. gr. samningsins segi, að föst mánaðarlaun skv. ráðningarsamningi skyldu haldast, meðan hann lifði, en önnur laun eða fríðindi falla niður. Í 2. gr. samningsins segi orðrétt:

„Þau laun, sem miða skal upphæð eftirlauna við, skulu vera þau sömu og nýr forstjóri fær, sem ráðinn verður í stað Jóns H. Bergs. Laun þessi skulu þó aldrei vera lægri en þau laun, er Jón H. Bergs hafði, er hann lét af störfum, að viðbættum breytingum samkvæmt vísitöluhækkunum, þannig, að þessi laun haldi ávallt verðgildi sínu.“

Loks segi í 4. gr. þessa samnings, að stefnandi sé félagi í Eftirlaunasjóði S.S. og að þær greiðslur, sem úr þessum sjóði komi, skuli koma til frádráttar þeim greiðslum, sem S.S. beri að inna af hendi samkvæmt samningnum.

Þess skuli getið, að skv. reglum eftirlaunasjóðsins hefjist greiðslur úr honum, þegar sjóðfélagi hafi náð 70 ára aldri, en þeim aldri nái stefnandi árið 1997.

Jón H. Bergs hafi hafið störf sín sem forstjóri, eins og áður segi, í janúar 1957, og hafi hann verið í þeirri stöðu óslitið til 18. apríl 1988, röklega 31 ár.

Uppsagnarbréf forstjórans hafi verið lagt fram á stjórnarfundi S.S., sem

haldinn hafi verið 18. apríl 1988. Uppsagnarbréfið hafi verið bókað orðrétt í fundargerðabók svohljóðandi:

„Vegna skoðanaágreinings óska ég undirritaður eftir að verða leystur frá ráðningarsamningi mínum sem forstjóri Sláturfélags Suðurlands, dags. 25. júní 1957, með síðari viðaukum og breytingum. Að sjálfsögðu er ég reiðubúinn til ráðgjafar, sé þess óskað, viðvíkjandi málefnum, sem ég þekki úr störfum mínum hjá Sláturfélagi Suðurlands sl. 37 ár.

Framangreint er með fyrirvara af minni hálfu um fullt gildi samnings míns við stjórn S.S., dags. 22. ágúst 1984.“

Því næst sé bókað:

„Stjórnin samþykkir þessa lausnarbeiðni. Stjórnarmenn þökkðu forstjóra og eiginkonu hans mikil og giftudrjúg störf í þágu félagsins á undanengnum árum.“

Stefnanda hafi síðan verið greidd umsamin eftirlaun í samræmi við gerða samninga fyrir mánuðina maí 1988 til aprílloka 1989, í eitt ár, svo sem launaseðlar beri með sér.

Með bréfi, dags. 24. apríl 1989, undirrituðu af núverandi stjórn S.S., sé stefnanda tilkynnt, að ákveðið hafi verið að rifta eftirlaunasamningi félagsins við hann. Bréf þetta hafi borist stefnanda 5. maí s.á., en hann hafi svarað stjórninni með bréfi, dags. 19. s.m. Stjórnarmönnum hafi öllum verið sent eintak af svarbréfinu. Þar mótmæli hann þessari löglausu riftunartilkynningu, geri frekari grein fyrir máli sínu og setji fram kröfu um áframhaldandi eftirlaunagreiðslur að viðlagðri málsókn.

Í uppsagnarbréfi stjórnar S.S. á dskj. nr. 9 séu tilgreindar tvær ástæður fyrir uppsögninni. Fyrri ástæðan sé svohljóðandi: „Eftirlaunasamningur yðar við Sláturfélag Suðurlands er mjög óvenjulegur og mjög hagstæður yður.“

Þeirri fullyrðingu, að samningur sem þessi sé óvenjulegur, sé algjörlega mótmælt, og sé hið gagnstæða fullyrt, að slíkir samningar séu og hafi verið mjög algengir. Þá skuli það áréttað, að alveg sambærilegir samningar hafi verið gerðir af stjórn S.S. við tvo deildarstjóra í fyrirtækinu. Megi jafnframt á það benda, að það sé ekkert óeðlilegt, að forstjóri, sem unnið hafi hjá félaginu í 37 ár og gert það að stórveldi í íslensku viðskiptalífi, fái góð eftirlaun. Slíkt sé algengt í öðrum félögum og það þótt um skemmri tíma sé að ræða og með minni árangri en náðst hafi hjá stefnanda á umliðnum 30 árum. Sönnunarbyrðin um það, að umræddur eftirlaunasamningur sé „mjög óvenjulegur“, hvíli á stefnda. Þá hvíli sönnunarbyrðin á honum einnig um riftunarheimildina almennt.

Hvort samningurinn sé hagstæður stefnanda, sé í sjálfu sér aukaatriði. Gera verði ráð fyrir því, að stjórnin hafi vitað, hvað hún var að gera.

Síðari liður í uppsagnarbréfi stjórnarinnar sé vægast sagt óviðeigandi

dylgjur. Stefnandi hafi alla tíð skýrt satt og rétt frá um rekstur félagsins, og eins og hann bendi réttilega á í svarbréfi sínu, hafi félagsstjórn fjallað ásamt honum um rekstur og stöðu fyrirtækisins á mánaðarlegum stjórnarfundum. Dylgjur þær, sem fram komi í öðrum lið bréfsins, hljóti að teljast pennaglöp. Ef stjórnin haldi því fram, að hún hafi verið blekkst af stefnanda, þá löðrungi hún umfram allt sjálfa sig fyrir eftirlitsskort. Hún viti, að löggiltir endurskoðendur hafi árlega yfirfarið bókhaldið og samið reksturs- og efnahagsreikning. Hún viti, að félagskosnir endurskoðendur hafi í það 31 ár, sem stefnandi hafi veitt félaginu forstöðu, staðfest árlega ásamt hinum löggiltu samstarfsmönnum sínum, að bókhaldið hafi ávallt verið óaðfinnanlegt. Stjórnin hafi auk þess uppfyllt skyldur sínar skv. eftirlaunasamningnum í heilt ár. Hafi samningurinn talist bindandi löggerningur fyrsta árið, hvaða breytingar hafi þá veitt stjórninni heimild til riftunar?

Loks segi í rökstuðningi stjórnarinnar fyrir riftun samningsins orðrétt: „Eins og málum er háttað, telur stjórnin, að ekki sé rétt að standa við samninginn.“

Það sé mikill misskilningur hjá stjórninni að halda, að hægt sé að hverfa frá gerðum samningum á svona einfaldan hátt, „að ekki sé rétt að standa við samninginn“. Sé því ástæða til að fjalla nokkrum orðum um helstu réttaráhrif samninga og möguleika til þess að rifta gerðum samningum.

Réttaráhrif loforða séu einkum bundin í skuldbindingargildi þeirra, sem birtist í því, að unnt sé að knýja loforðsgjafa til efnda með atbeina-dómstóla. Loforðið sé bindandi fyrir loforðsgjafa, þegar það sé komið til vitundar loforðsmóttakanda. Í þessu dæmi leiki enginn vafi á því, að stjórn S.S. hafi skuldbundið sig til að greiða stefnanda eftirlaun svo og konu hans. Í uppsagnarbréfi sínu gefi stjórnin óljóst í skyn, að forsendur fyrir eftirlaunagreiðslum hafi brostið. Það verði hún að færa sönnur á, vilji hún láta taka mark á gerðum sínum.

Erfiðleikar í rekstri félagsins um stundarsakir komi þessu máli ekkert við. Þegar samningurinn var gerður, hafði stefnandi sýnt það og sannað, að félagið hafði vaxið og blómgastr undir stjórn hans. Síðasta árið, sem hann bar ábyrgð ásamt stjórninni á ársuppgjöri, þ.e. rekstrarárið 1986, hafi félagið skilað góðum hagnaði.

Kröfugerðin sé reist á eftirlaunasamningnum frá 22. ágúst 1984 og í samræmi við greidd eftirlaun í eitt ár, frá því að stefnandi hætti störfum. Eftirlaunin eigi að miðast við laun forstjórans á hverjum tíma. Vitað sé, að þau hækkuðu í maí 1989, og hafi því mánaðarlaun verið hækkuð í kröfugerð samkvæmt áætlun lögmanns stefnanda með hliðsjón af greiddum launum fyrir apríl 1989.

Stefnandi vísar til grundvallarreglu laga, að samningar skuli haldnir og

loforð efnd, sbr. l. nr. 7/1936 (og l. nr. 11/1986). Um vaxtakröfur vísast til l. nr. 85/1936, sbr. l. nr. 25/1987 og l. nr. 54/1988.

Málavaxtalýsing stefnda.

Stefndi kveður stefnanda hafa fengið tækifæri til þess að segja upp störfum í stað þess, að stjórn félagsins viki honum úr starfi. Hafi þessi ráðstöfun verið talin heppilegri fyrir stefnanda, sérstaklega þar sem hann hafði lengi unnið hjá félaginu. Uppsögn stefnanda hafi átt sér nokkurn aðdraganda, bæði vegna samstarfsörðugleika, ágreinings um stjórnun, áfengisneyslu forstjórans og fjárhagslegrar stöðu félagsins.

Á stjórnarfundi, sem haldinn var í félaginu 18. apríl 1988, hafi málefni forstjórans verið komin á suðupunkt, og hafi stefnandi þá lagt fram bréf það, sem sé á dskj. nr. 7, þar sem hann hafi óskað eftir að verða leystur frá ráðningarsamningi sínum við stefnda, og ljúki bréfinu þannig: „Framangreint er með fyrirvara af minni hálfu um fullt gildi samnings míns við stjórn S.S., dags. 22. ágúst 1984.“

Hér sé því í raun ekki um lausnarbeiðni að ræða, heldur eins konar valdaafsal forstjórans.

Stjórn félagsins hafi samþykkt „lausnarbeiðni“ forstjórans og þakkað honum störf hans fyrir félagið.

Stjórninni hafi á þessum tíma ekki verið ljóst, hvað forstjórinn átti við með samningnum frá 22. ágúst 1984, enda hafði enginn þeirra (sic) komið nálægt þeim samningi eða heyrt hans getið.

Skömmu síðar hafi stjórnin komist að því, að fyrir lá samningur, sem undirritaður sé af Gísla Andréssyni, sem hafi verið stjórnarformaður félagsins, og sagður gerður í umboði stjórnar.

Hvergi hafi fundist í fundargerðabókum félagsins umboð til handa Gísla til gerðar þessa samnings, og sé því mótmælt, sem fram komi í bréfi stefnanda á dskj. nr. 11, að „samningurinn hafi síðar verið ræddur á stjórnarfundum, þegar kjaramál í fyrirtækinu almennt voru til umfjöllunar, m.a. á stjórnarfundi 18. júní 1987“.

Við athugun á samningnum komi einnig í ljós, að hann sé undarlegur á margan hátt og veiti stefnanda alveg ótrúleg kjör.

Málsástæður stefnda og lagarök.

Af hálfu stefnda er því haldið fram í fyrsta lagi, að samningurinn á dskj. nr. 4 sé ekki skuldbindandi fyrir félagið, sbr. l. nr. 7/1936, þar sem félagsstjórn hafi ekki veitt Gísla Andréssyni umboð til þess að gera samninginn né hafi samningurinn nokkurn tímann verið samþykktur af stjórn stefnda.

Í öðru lagi verði að telja, komist rétturinn að þeirri niðurstöðu, að Gísli Andrússon hafi haft umboð til þess að gera eftirlaunasamning við stefn-

anda, að þá hafi hann augljóslega farið langt út fyrir umboð sitt með því að gera dæmalausan samning við stefnanda, og hafi stefnanda mátt vera þetta ljóst, sbr. 11. gr. 1. nr. 7/1936.

Í þriðja lagi er á því byggt, komist rétturinn að þeirri niðurstöðu, að samningurinn á dskj. nr. 4 hafi verið gerður með fullu umboði, að þá megi víkja honum til hliðar með dómi með vísan til 36. gr. 1. nr. 7/1936, sbr. 1. nr. 11/1986, þar sem það sé ósanngjarnt af hálfu stefnanda að bera hann fyrir sig og samningurinn verði að teljast brjóta gegn góðri viðskiptavenju. Í þessu sambandi sé nauðsynlegt að skoða efni samningsins.

Í fyrsta tölulið sé Jóni heitið fullum föstum launum skv. ráðningar-samningi, svo lengi sem hann lifi. Hér séu ekki greind nein aldursmörk, svo sem 67 eða 70 ár. Megi hér vísa til þess, að stefnandi sé fæddur 1927 og hafi því aðeins verið 61 árs að aldri, er hann lét af völdum.

Þessi laun eigi að greiða stefnanda, þrátt fyrir það að hann hafi enga vinnuskyldu, en fjárhæð launa forstjóra hljóti að vera miðuð við ótakmarkaða vinnuskyldu og ábyrgð og þá ekki síst við það, að slík störf séu oft hverful, og megi forstjóri eiga von á því að þurfa að láta af störfum vegna ágreinings við stjórn og eigi þá ekki svo auðvelt með að finna sér annað starf með skjótum hætti. Laun fyrrverandi forstjóra eigi aldrei að vera lægri en hann hafði, en þó hækka til samræmis við laun eftirmanns síns. Slíkum ákvæðum verði að víkja til hliðar með vísan til tilvitnaðrar lagagreinar.

Þá eigi stefnandi skv. lið B að fá afhenta bifreið þá til eignar, sem hann hafi, þegar hann láti af störfum. Hér sé um að ræða Buick-Electra-bifreið, árgerð 1987, en bifreið þessi sé nú skv. skattmati að fjárhæð (sic) 2.445.000 kr. Megi hverjum vera ljóst, að slík gjöf sé alveg fráleit, og spurning, hvernig eigi að taka staðgreiðsluskatt af slíkri afhendingu. Sama eigi því hér við, að ósanngjarnt sé að bera slíkt samningsákvæði fyrir sig, og einnig hljóti það að vera gagnstætt góðri viðskiptavenju.

Þá skuli ekkju stefnanda verða greidd 80% af eftirlaunum hans fyrsta árið eftir fráfall hans, en 70% eftir það. Hér eigi við sömu athugasemdir og við lið 1. Bent skuli á, að endurskoðendur félagsins hafi reiknað eftirlaunaskuldbindingu félagsins gagnvart stefnanda og konu hans, og nemi hún samkvæmt því 39.300.000 krónum.

Verði ekki á það fallist, að beita beri 36. gr. 1. nr. 7/1936, sé sýknukrafa stefnda reist á því, að forsendur hafi brostið fyrir samningnum á dskj. nr. 4, þar sem starfslok stefnanda bar að með þeim hætti, að stefnanda var í raun vikið frá störfum, vegna þess að hann hafi í raun verið orðinn óhæfur til starfa vegna áfengisneyslu og mistaka í starfi sem forstjóri fyrirtækisins, svo og, að hann hafi ekki upplýst stjórn félagsins um raunverulega stöðu þess.

Þannig hafi stefnandi látið stefnda kaupa verðlaus hlutabréf í Vöruhúsinu Eiðistorgi hf. á 25.000.000 króna 24. júlí 1987, en neikvætt eigið fé þess fyrirtækis hafi numið í lok árs 1987 28.854.000 krónum, og eignir stefnda hafi verið veðsettar fyrir skuldum Vöruhússins Eiðistorgi hf. fyrir 49.881.725 krónum 31. ágúst 1988. Ekki hafi forstjórinn leitað til hagdeildar stefnda um úttekt á þessari fjárfestingu, þótt til hennar hafi verið leitað um ýmsar minni ákvarðanir.

Þá hafi stefnandi látið stefnda hefja byggingu stórhýsis í Laugarnesi, sem nú sé eins og myllusteinn um háls stefnda.

Tap stefnda á rekstrarárinu 1987 hafi verið 77.063.000 kr. og árið 1988 209.560.843 kr., en þess skuli getið, að hefði reikningsskilaaðferðum verið hagað eins fyrir árið 1987 og gert var árið 1988, m.a. beitt fráviksaðferð við færslu verðbreytinga og færðar eftirlaunaskuldbindingar og sérstakur skattur af skrifstofu- og verslunarhúsnæði, hefði tap verið mun hærra á árinu 1987. Með sömu aðferðum hefðu reikningar félagsins einnig sýnt tap á árinu 1986, og sé hér vísað til dskj. nr. 20, 21 og 22.

Varakröfu sína um sýknu að svo stöddu reisir stefndi á því, að verði talið, að hér sé um gildan eftirlaunasamning að ræða, taki hann að sjálfsögðu ekki gildi, fyrr en eftirlaunaaldri sé náð, þ.e.a.s. við 70 ára aldur stefnanda.

Af hálfu stefnda og lögmanns stefnda voru engar kröfur gerðar vegna kröfu um ómerkingu ummæla og áminningu lögmanns.

III.

Niðurstaða.

Fyrir dóminn komu til skýrslugjafar stefnandi, Jón H. Bergs, Páll Lýðsson, stjórnarformaður stefnda, Sigurður Jónsson, stjórnarmaður stefnda, Steinpór Skúlason, forstjóri stefnda, Magnús Jónasson, stjórnarmaður stefnda, Arnór Eggertsson, löggiltur endurskoðandi, Halldór Arason, löggiltur endurskoðandi, Hjalti Hjaltason, fjármálastjóri stefnda, Jóhannes Jónsson verslunarmaður, fyrrverandi yfirverslunarstjóri stefnda, Kristbjörg Ágústsdóttir, fyrrverandi einkaritari stefnanda í fyrirtæki stefnda, nú starfandi fyrir stefnanda, Matthías Gíslason, fulltrúi á endurskoðunarskrifstofu og fyrrverandi fulltrúi forstjóra stefnda, og Teitur Lárusson, fyrrverandi starfsmannastjóri stefnda.

Samningur sá, sem stefnandi reisir dómkröfur sínar á, var undirritaður 22. ágúst 1984 af Gísla Andréssyni og Jóni H. Bergs. Undir nafnritun sína hefur Gísli Andrésson ritað: „samkvæmt umboði“.

Í uppsagnarbréf sitt, sem samþykkt var samhljóða á stjórnarfundum stefnda 18. apríl 1988, ritaði stefnandi eftirfarandi fyrirvara: „Framangreint er með fyrirvara af minni hálfu um fullt gildi samnings míns við stjórn S.S., dags. 22. ágúst 1984.“ Uppsagnarbréf stefnanda er orðrétt

skráð í fundargerðabók stefnda á framangreindum stjórnarfundi. Engin athugasemd eða fyrirspurn kom fram um framangreindan fyrirvara.

Í bréfi stjórnar stefnda, dags. 24. apríl 1989, segir svo m.a.: „Hér með tilkynnist yður, að stjórn Sláturfélags Suðurlands riftir eftirlaunasamningi yðar við félagið.“ Síðan eru tilgreindar ástæður riftunarinnar, sem eru þær annars vegar, að samningurinn sé mjög óvenjulegur og mjög hagstæður stefnanda, og hins vegar, að komið hafi í ljós, að staða félagsins á þeim tíma, sem stefnandi lét af störfum, hafi verið mun alvarlegri og verri en stjórninni hafði verið gerð grein fyrir.

Hvergi er í bréfi þessu minnst á, að samningurinn hafi ekki haft gildi vegna vanheimildar Gísla Andréssonar, sem stefndi reisir sýknukröfu sína á í máli þessu, eða að Gísli hafi farið út fyrir umboð sitt.

Stefndi hefur ekki fært að því haldbær rök, að stjórn stefnda hafi hvorki vitað né mátt vita um tilvist eða efni umdeilds eftirlaunasamnings, og samkvæmt framburði stjórnarformanns stefnda, Páls Lýðssonar, fyrir dómi kom fram, að rætt var um samning þennan á stjórnarfundi 18. júní 1987, og er m.a. skráð í fundargerð, að formanni S.S. hafi verið falið að fylgjast með viðbótarráðningarsamningi, sem fyrrverandi formaður, Gísli Andrésson, gerði við forstjóra árið 1984, sbr. tl. 5 á dskj. nr. 33.

Þá liggur fyrir, að af hálfu stefnda var að fullu staðið við samning þennan í rétt ár, eftir að stefnandi lét af störfum. Liggur ekki fyrir, að nokkurn tímann hafi á því tímabili verið dregið í efa gildi samningsins.

Samkvæmt framansögðu er ekki fallist á þær málsástæður stefnda, að samningurinn sé ógildur vegna umboðsskorts Gísla Andréssonar.

Stefndi byggir enn fremur á því, að víkja megi samningnum til hliðar með dómi, með vísan til 36. gr. 1. nr. 7/1936, sbr. 1. nr. 11/1986.

36. gr. 1. nr. 7/1936, sbr. 1. nr. 11/1986, hljóðar svo: „Samningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Hið sama á við um aðra löggæringa.

Við mat skv. 1. mgr. skal líta til efnis samnings, stöðu samningsaðilja, atvika við samningsgerðina og atvika, sem síðar komu til.“

Ekki verður á það fallist með stefnda, að samningurinn sé eftir atvikum óeðlilega hagstæður stefnanda, sé litið til þess starfs, sem stefnandi hafði með höndum innan fyrirtækis stefnda, ábyrgðar hans og starfsaldurs og jafnframt höfð hliðsjón af því, að a.m.k. tveir lægri settir, fyrrverandi starfsmenn stefnda njóta nú eftirlauna frá fyrirtækinu, sem nema 90% af staðgengilslaunum, sbr. dskj. nr. 32 og 35.

Sé jafnframt haft í huga, að greitt var samkvæmt samningnum í heilt ár, eftir að stefnandi lét af störfum, athugasemdalaust af hálfu stefnda, þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að þau atvik hafi verið fyrir hendi

við samningsgerðina eða séu síðar til komin, sem valdi því, að honum verði vikið til hliðar nú á grundvelli 36. gr. 1. nr. 7/1936.

Að lokum byggir stefndi á því, að forsendur hafi brostið fyrir samningnum, þar sem starfslok stefnanda hafi borið að með þeim hætti, að honum hafi í raun verið vikið úr starfi vegna ástæðna, sem stefndi tilgreinir nánar í greinargerð.

Það liggur fyrir og er ómótmælt, að starfslok stefnanda voru í raun þau, að honum var gerður kostur á að segja starfi sínu lausu.

Stefndi hefur engin rök fært að því, að stefnandi hafi verið orðinn óhæfur til starfa vegna áfengisneyslu, og báru vitni, sem skýrslu gáfu fyrir dómi, þvert á móti, að aldrei hefði stefnandi haft áfengi um hönd á vinnustað eða verið í áfengisvímu, sbr. og yfirlýsingu á dskj. nr. 23. Hefur þeim framburði ekki verið hnekk.

Stefndi heldur því einnig fram, að stefnanda hafi orðið á veruleg mistök í starfi, m.a. með því að láta stefnda kaupa verðlaus hlutabréf í Vöruhúsinu Eiðistorgi hf. og byggingu stórhýsis í Laugarnesi.

Samkvæmt fundargerð stefnda, dags. 24. júlí 1987, dskj. nr. 34, tl. 5., var samþykkt með atkvæðum allra stjórnarmanna eftir viðtækar athuganir og fyrirspurnir, sem þeir Jón H. Bergs og Jóhannes Jónsson, forstöðumaður verslunardeildar, svöruðu, að taka upp samninga við Óla Kr. Sigurðsson um kaup á hlutafé hans í Eiðistorgi hf. og að fela stjórnarformanni og forstjóra að ganga frá samningagerð með fullu umboði stjórnarmanna. Samkvæmt fundargerðinni var um að ræða annars vegar að kaupa hlutafé Óla Kr. Sigurðssonar, 40% í hlutafélaginu Eiðistorgi hf., og hins vegar að selja Óla hlutafé stefnda í eigninni. Samkvæmt þessari fundargerð voru það stjórnarformaður stefnda og forstjóri, sem sameiginlega skyldu ganga frá samningagerð.

Er ósannað, að stefnandi hafi verið einráður um framangreind kaup eða önnur, sem stefndi tiltekur í greinargerð sinni sem dæmi um ætluð mistök stefnanda í starfi. Hefur stefndi þannig ekki sýnt fram á, að stefnanda hafi orðið á þau mistök í starfi, sem valdið geti því, að fyrrgreindum eftirlaunasmningi verði rift vegna brostinna forsendna.

Varakröfu sína um sýknu að svo stöddu reisir stefndi á því, að samningurinn taki ekki gildi, fyrr en eftirlaunaaldri stefnanda sé náð, þ.e. við 70 ára aldur.

Í samningnum er enginn fyrirvari um starfslok stefnanda. Það liggur fyrir, að stefnandi fékk greitt samkvæmt honum í heilt ár, eftir að hann lét af störfum. Ekkert liggur fyrir um það, að stefndi hafi verið að greiða stefnanda einhvers konar biðlaun, óháð samningnum, eins og skilja mátti af framburði stjórnarformannsins Páls Lýðssonar og Steinþórs Skúlasonar forstjóra fyrir dómi. Þá liggur fyrir, að greiðslur til stefnanda voru felldar

niður með því, að samningnum var rift, og styður það þá fullyrðingu stefnanda, að samningurinn hafi verið í fullu gildi fyrsta árið. Stefndi getur því ekki borið fyrir sig nú, að gildi samningsins skuli miðað við einhver ákveðin aldursmörk stefnanda.

Með hliðsjón af framansögðu ber að taka dómkröfur stefnanda til greina að fullu, en ágreiningur er ekki um fjárhæðir eða vexti.

Rétt þykir að taka til greina kröfu stefnanda um ómerkingu ummæla, en sú krafa hefur ekki sætt andmælum af hálfu stefnda, eins og áður greinir, og ummælin eru ósönnuð.

Krafa um að áminna lögmann stefnda fyrir ummælin er hins vegar ekki tekin til greina, enda er hér um málsástæðu stefnda að ræða, sem byggt er á í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 623.000 kr., og er þar með talinn virðisaukaskattur.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Sláturfélag Suðurlands, Skúlagötu 20, Reykjavík, greiði stefnanda, Jóni H. Bergs, Laufásvegi 77, Reykjavík, 4.600.000 kr. með 38,4% ársvöxtum af 350.000 kr. frá 1. maí 1989 til 1. júní s.á., með 42% ársvöxtum af 700.000 kr. frá þeim degi til 1. júlí s.á., með 45,6% ársvöxtum af 1.050.000 kr. frá þeim degi til 1. ágúst s.á., með sömu vöxtum af 1.400.000 kr. frá þeim degi til 1. september s.á., með 40,8% ársvöxtum af 1.800.000 kr. frá þeim degi til 1. október s.á., með 38,4% ársvöxtum af 2.200.000 kr. frá þeim degi til 1. nóvember s.á., með sömu vöxtum af 2.600.000 kr. frá þeim degi til 1. desember s.á., með 40,8% ársvöxtum af 3.000.000 kr. frá þeim degi til 1. janúar 1990, með sömu vöxtum af 3.400.000 kr. frá þeim degi til 1. febrúar s.á., með 37,2% ársvöxtum af 3.800.000 kr. frá þeim degi til 1. mars s.á., með 30% ársvöxtum af 4.200.000 kr. frá þeim degi til 1. apríl s.á., en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987 af 4.600.000 kr. frá þeim degi til greiðsludags, þó aldrei hærri en 26% ársvexti, og leggjast vextir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. maí 1990.

Enn fremur skal stefndi, Sláturfélag Suðurlands, gefa út afsal til stefnanda ásamt undirritaðri sölutilkynningu til bifreiðaeftirlitsins fyrir bifreiðina R-355.

Þá greiði stefndi stefnanda 623.000 kr. í málskostnað.

Eftirtalin ummæli skulu vera dauð og ómerk:

1. „áfengisneyslu forstjórans“ í eftirfarandi samhengi: „Uppsögn

stefnanda átti sér nokkurn aðdraganda bæði vegna samstarfsörðugleika, ágreinings um stjórnun, áfengisneyslu forstjórans og fjárhagslegrar stöðu félagsins“.

2.,að stefnanda var í raun vikið frá störfum vegna þess, að hann var í raun orðinn óhæfur til starfa vegna áfengisneyslu og mistaka í starfi sem forstjóri fyrirtækisins“...

Dóminum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.
